Áfangalýsing

ADFE2HN05BH **Þrívíð form, rými og litir** **Námsgrein: Aðferðafræði**	**Einingar** **5**	**Hæfniþrep** **2**

Lýsing

Nemendur vinna með hugtök lita- og formfræðinnar. Gerðar eru rannsóknir með þrívíð form og rými og nærumhverfi skoðað. Skoðuð eru geometrísk og lífræn form. Unnið er með mismunandi uppbyggingu þrívíðra forma. Áhrif og samspil ljóss, skugga, lita, rýmis og forma skoðað í margbreytileika sínum. Farið er yfir litanotkun, áferð, mælikvarða og samsetningar í tengslum við form og rýmistilraunir. Nemendur þjálfast í viðeigandi vinnubrögðum eins og að skera, brjóta, klippa og líma.

Forkröfur: ADFE1HN05AH

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu og virkni þrívíðra forma og rýmis
- hugtökum þrívíðrar formfræði
- áhrif ljóss og skugga, lita og áferðar á form og rými
- mismunandi aðferðum við mótun þrívíðra forma og rýmis
- muni á geometrískum og lífrænum formum
- mismunandi verkfærum og vinnuaðferðum
- mikilvægi tilrauna í þróun hugmynda

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna frumkvæði í vinnu með tilraunir og útfærslur hugmynda
- vinna með umhverfi sitt sem uppsprettu hugmynda í verkefnum
- sýna ábyrgð og sjálfstæði í vinnubrögðum
- einfalda og draga ályktanir í vinnu sinni með form og rými
- velja viðeigandi vinnuaðferðir og verkfæri við úrvinnslu og útfærslu verkefna
- geta kynnt og fjallað um eigin verkefni og annarra á gagnrýnin hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna á skapandi hátt að verkefnum
- nota hugtök þrívíðrar formfræði
- greina þrívíð form og rými í umhverfi sínu
- vinna með áhrif ljóss og skugga, lita og áferðar á form og rými
- byggja upp þrívíð form og rými
- beita verkfærum og vinnuaðferðum eins og að skera, brjóta, og líma í verkefnavinnu

Námsmat

Námsmat er skilgreint í námsáætlun í samræmi við skólanámskrá og nánar útfært í verklagsreglum skólans sem birtar eru í gæðahandbók.

Grunnþættir og lykilhæfni

Í skólanámskrá Tækniskólans má sjá hvernig grunnþættir menntunar og lykilhæfni fléttast inn í allt nám og starf í skólanum. Áfanga-lýsingar eru nánar útfærðar í námsáætlunum og þar kemur fram hvernig grunnþættirnir fléttast inn í námið í viðkomandi áfanga.